

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 10. maí 2024

Mál nr. S-4677/2023:

## Ákærvaldið

(Sigurður Ólafsson aðstoðarsaksóknari)

## gegn

## X

(Sveinn Andri Sveinsson lögmaður)

(Styrmir Gunnarsson, lögmaður einkaréttarkröfuhafa)

## Dómur

- Mál þetta, sem dómtekið var 22. apríl 2024, er höfðað með ákæru, útgefni af héraðssaksóknara 24. ágúst 2023, á hendur X, kt. [...], [...] í Reykjavík, fyrir „tilraun til manndráps, með því að hafa [...] júlí 2022 að Æ í Reykjavík veist með ofbeldi að A, kennitala [...], og stungið hann með hnífi tvisvar sinnum ofarlega í brjóstkassa með þeim afleiðingum að A hlaut lífshættulega áverka á holhandarslagæð og opið sár á framvegg brjóstkassa. Telst þetta varða við 211. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.“
- „Af hálfu A, kennitala [...], [...] er þess krafist að ákærða verði gert að greiða kröfuhafa [2.294.089] krónur auk vaxta af [294.089] krónum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og af 2.000.000 króna samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá [...] júlí 2022 til 8. september 2022 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga af [2.294.089] krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess krafist að ákærða verði gert að greiða A málskostnað skv. mati dómsins eða síðar framlögðum málskostnaðarreikningi.“
- Ákærði neitar sök og krefst aðallega sýknu en til vara að hann hljóti vægustu refsingu sem lög leyfa. Þá krefst ákærði þess aðallega að bótakröfu brotþola samkvæmt ákæru verði vísað frá dómi en til vara að hún verði lækkuð. Þess er krafist að skipuðum verjanda ákærða verði ákvörðuð hæfileg málsvarnarlaun og að allur sakarkostnaður málsins verði felldur á ríkissjóð.

Málsatvik

4. Lögreglu barst tilkynning [...]. júlí 2022 kl. 6:38 um hnífstungu að Æ í Reykjavík. Fram kom í tilkynningu að tilkynnandi væri A og að hann væri meintur þolandi. Lögreglan brást við og mætti á vettvang og skömmu síðar komu bráðaliðar á sjúkrahúsið.
5. Fram kom í skýrslu lögreglu af fyrstu aðgerðum að brotþoli hafi staðið á stigapalli við 2. hæð hússins þegar lögreglu hafi borið að. Hann hafi verið alblóðugur, bolur hans gegnsósa af blóði og blóð lekið niður með lærum hans. Brotþoli hafi verið með sjáanlega áverka í andliti og blóð lekið frá nösnum hans. Hann hafi verið með fulla meðvitund og getað gengið óstuddur. Lögreglumenn báðu brotþola að leggjast, sem hann hafi gert, á gólfið í stofu íbúðarinnar þar sem hann var þar til hann var fluttur með sjúkraliði á slysadeild Landspítalans.
6. Í frumskýrslu lögreglu var aðstæðum á vettvangi lýst þannig að gengið væri inn í húsið upp tröppur á vesturhlið hússins og þaðan upp á 2. hæð. Á vettvangi hafi lögregla séð blóðslóð á tröppunum sem leiddi inn á stigagang og upp á 2. hæð en þar uppi væri ein íbúð. Því var lýst að gengið væri inn á gang þar sem stofa væri á hægri hönd og baðherbergi á vinstri hönd. Innar væri svefnherbergi á hægri hönd og eldhús væri gegnt innganginum. Á ganginum og inni í eldhúsi hafi mátt sjá verulegt magn af blóði á gólfi, auk þess sem blóð hafi verið að sjá inni á baðherbergi, þótt í minna mæli væri. Við rannsókn lögreglu var ályktað að átök hefðu hafist í eldhúsinu og brotþoli staðið við eldhúsinnréttinguna þegar hann hafi verið stunginn og blóðið gusast úr honum niður á gólf. Á gólfinu hafi verið hnífur með blóði á og annar í vaskinum sem einnig hafi verið blóðugur.
7. Þess var getið að á grasbala vestan við húsið hafi fundist hnífur og á stigapalli við 2. hæð hússins hafi enn annar stærri hnífur verið. Báðir hafi verið með blóðkámi. Hnífarnir hafi verið sömu tegundar og samsvarandi hnífasett fyrir fimm hnífa hafi verið í eldhúsi íbúðarinnar uppi á borði. Í hnífasettið hafi vantað fjóra hnífa, einungis brauðskurðarhnífur hafi verið í settinu.
8. Því var lýst að á gólfi eldhússins hafi verið græn bjórdós, 33 cl að stærð, og að á borði við eldhúsvaskinn hafi verið sams konar dós með bláu sogröri í. Við vaskinn hafi einnig staðið þrjú vínglós sem virtust hafa verið notuð nýlega en rauður vökvi hafi verið í einu þeirra sem áfengislykt hafi verið af.
9. Aðspurður á vettvangi kvaðst brotþoli hafa hitt meintan geranda á skemmtistaðnum R um nóttina. Hann hafi talið að meintur gerandi héti X og væri um 35 ára að aldri og hann hefði flúið af vettvangi fótgangandi. Brotþoli gat ekki gefið frekari upplýsingar um meintan geranda aðrar en að þeir hefðu verið saman á R, að þeir hefðu yfirgefið staðinn saman og að það ætti að sjást á upptökum úr eftirlitsmyndavélum í miðborginni. Frekari upplýsingar gat brotþoli ekki veitt á vettvangi en aðspurður kvaðst hann hafa neytt áfengis um nóttina.

10. Á slysadeild kom í ljós að brotapolí hafði hlotið tvö stungusár á ofanverðum brjóstakassa neðan við viðbein vinstra megin sem leiddi til slagæðarblæðingar. Annar skurðurinn var 3 cm djúpur undir miðhluta viðbeins vinstra megin og sprautaðist blóð úr þeim skurði sem kom úr holhandarslagæð í brjóstvöðva. Hinn skurðurinn var 4 cm á dýpt á svipuðum stað. Framkvæma þurfti æðarþræðingu til að stöðva blæðinguna úr slagæðinni. Ályktað var að um alvarlega árás hefði verið að ræða og að lífshættulega blæðingu hafi þurft að stöðva með aðgerð á sjúkrahúsi. Brotapolí var þrjá sólarhringa á gjörgæsludeild og útskrifaðist síðan heim í kjölfarið, batahorfur voru taldar góðar.
11. Staðreynt var með matsgerð Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði að brotapolí hefði verið ölvaður er blóðsýni var tekið.
12. Rannsóknarlögreglumaður tók skýrslu af brotapolá á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi kl. 14:30 þennan sama dag. Bókað var að brotapolí hefði sagst hafa verið á S í Austurstræti um nóttina og komið við á R bar á leiðinni heim. Þar hefði hann stoppað stutt og gengið síðan sem leið lá Laugaveginn á leiðinni heim á Æ. Einhvers staðar á leiðinni hefði hann hitt mann sem hafi borið sig illa. Hann hefði verið læstur úti en væri búandi á [...] eða [...]. Sennilega hefði hann sagst heita X. Aðspurður um útlit þessa manns sagðist brotapolí ekki muna mikið eftir honum en hann væri með [...] skegg eða hár og á að giska 30 til 35 ára gamall. Ákærði hefði séð aumur á manninum og boðið honum að koma með sér heim til þess að hringja og gera ráðstafanir til að komast heim. Maðurinn hafi þegið það en svo sýnt á sér lítið fararsnið þegar heim til brotapolá var komið. Brotapolí sagðist á hinn bóginn hafa verið þreyttur og beðið manninn að fara, hann yrði að fara að sofa. Hann hafði verið byrjaður að klæða sig úr og verið á nærból, nærbuxum og sokkum. Þá fyrirvaralaust hefði maðurinn tekið hníf úr hnífastandi í eldhúsi þar sem þeir stóðu og stungið brotapolá. Brotapolí hefði tekið hnífinn af manninum en hann þá tekið annan hníf en brotapolí farið út úr eldhúsinu og gengið út úr íbúðinni og hringt í lögregluna og maðurinn hefði komið út á eftir honum en þegar hann hafi séð brotapolá í símanum hafi hann gengið á brott. Aðspurður greindi brotapolí frá því að straumar hefðu verið þeirra á milli og þeir eitthvað að kyssast þar sem þeir hefðu setið í sófa í stofu og líka að einhverju leyti líka inni í svefnherbergi en það hefði ekki verið neitt slíkt sem hefði leitt til þess að gripið væri til hnífsins, eins og hann komst að orði. Það hafi ekkert verið sem manninum hefði mislíkað en það hafi frekar verið eins og maðurinn hefði tryllst við að brotapolí hefði sagst vilja að hann færi af því að brotapolí ætlaði að fara að sofa. Maðurinn hefði tekið það óstinnt upp og spurt brotapolá hvort hann væri að henda sér út.
13. Lögregla framkvæmdi vettvangsrannsókn [...]. júlí 2022 í og við húsnaði brotapolá að Æ. Í skýrslu um þá rannsókn er rakið að um sé að ræða þriggja hæða hús þar sem nokkrir búa í fleiri en einni íbúð. Íbúðin þar sem grunur hafi leikið á að líkamsárásin hafi átt sér stað væri á efstu hæð hússins. Gengið sé inn í íbúðina frá stigapalli við stiga sem liggja

niður að inngangi að húsinu, á vesturhlið þess sem sé sameiginlegur með íbúðinni á miðhæð hússins. Ætlað blóð hafi verið að sjá á götu og gangstétt við húsið og hafi blóðugur hnífur legið á grasbala skammt frá húsinu. Blóðslóð hafi verið upp tröppur að aðalinngangi hússins og legið upp í íbúðina á efstu hæð. Á stigapalli við íbúðina hafi fundist hnífur með blóðdropum á og hafi blóð verið sjáanlegt á gólfi og stigahandriði. Einn hnífur hafi verið á gólfi við norðurvegg í eldhúsinu og annar í vaskinum. Blóð hafi verið á báðum hnífum. Yfirlitsmyndir voru teknar á götunni og á gangstétt við húsið þar sem ætlað blóð hafi verið að sjá. Teknar voru yfirlitsmyndir inni í íbúðinni og fyrir framan húsið. Sýni af ætluðu blóði voru tekin á tíu mismunandi stöðum og vísað um staðsetningar þar að lútandi til ljósmynda í skýrslunni. Fjórir hnífar hafi verið haldlagðir vegna rannsóknarinnar. Um hafi verið að ræða hnífa úr hnífastandi sem hafi verið í eldhúsinu. Fimm raufar væru í hnífastandinum og hafi vantað fjóra hnífa í hann. Á eldhúsbekk við vask hafi verið þrjú glös sem talið hafi verið að hefðu verið notuð nýlega. Þau hafi verið haldlögð til rannsóknar á mögulegum fíngraförum og/eða DNA-sýnum. Einnig hafi verið haldlögð bjórdós á eldhúsbekknunum með sogröri í. Hinir haldlögðu munir voru fluttir á lögreglustöð til rannsóknar. Engin nothæf fíngraför fundust á hnífunum en slík för fundust á glösunum og bjórdósinni. Meðal rannsókna sem tæknideild lögreglu stóð fyrir var einnig rannsókn á bolnum sem brotþoli var í er árásin átti sér stað. Ljósmyndir af bolnum báru með sér að göt voru á honum sem samsvara lýsingu í læknisvottorði á hnífstunguáverkum brotþola.

14. Við rannsókn á myndefni úr eftirlitsmyndavélum á veitingastaðnum R og á Laugaveginum sást einungis til ferða brotþola þar sem hann var einn á ferð.
15. Fyrir liggur upplýsingaskýrsla lögreglu, dagsett [...]. júlí 2022, þar sem segir af afskiptum lögreglu af ákærða um nóttina [...]. sama mánaðar. Fram kemur að lögreglumenn hafi verið við eftirlit í miðborginni og þá fyrir framan skemmtistaðinn T í Austurstræti þegar þeir hafi séð að manni hafi verið haldið niðri af dyravörðum. Lögreglumennirnir hafi rætt við dyraverðina sem hafi greint frá því að maðurinn hétí X og hefði verið búinn að angra margt fólk og hefði verið að leita sér að slagsmálum allt kvöldið, hann hefði svo slegið mann í andlitið og verið tekinn niður í kjölfarið. Ákærði hafi verið færður í handjárn og settur inn í lögreglubifreið. Á leiðinni upp á lögreglustöð hefði hann í fyrstu neitað að gefa upp kennitölu og hefði verið með almenn leiðindi eftir því sem bókað var í skýrsluna. Þegar bifreiðin hefði verið komin fyrir utan lögreglustöðina á gatnamótum Snorrabrautar og Hverfisgötu hefði ákærði haldið áfram með stæla og leiðindi við lögreglumann sem hefði setið með honum aftur í. Lögreglumaðurinn sem ritaði skýrsluna bókaði um að hafa rætt við ákærða og gert honum grein fyrir því að ef hann gæfi upp kennitölu yrði honum sleppt. Hann hafi fallist á það og tekið í höndina á lögreglumanninum fyrir að hafa ekki verið vistaður í klefa. Ákærði hefði verið hvattur til að koma sér heim á leið sem hann hafi sagst ætla að gera. Er lögreglumennirnir óku

nokkrum mínútum síðar niður Laugavegin sá þeir hvar ákærði virtist á leiðinni í miðbæinn aftur gangandi niður Laugavegin.

16. Er í ljós komu þessi fyrri afskipti lögreglu af ákærða í miðbænum þessa nótt beindist grunur að honum sem varð það til þess að hann var handtekinn [...]. júlí 2022. Ákærði var yfirheyrður í kjölfarið.
17. Í skýrslu ákærða kemur fram að hann hafi greint frá því að hafa verið í miðborginni um nóttina [...]. júlí, farið þar á milli veitingastaða og verið verulega ölvaður. Hann kannaðist við að hafa lent í ryskingum fyrir utan veitingastaðinn T er honum hefði orðið sundurorða við nafngreindan mann sem hefði lamið ákærða. Þegar honum var gerð grein fyrir afskiptum lögreglu af honum þá um kvöldið rifjuðust þau upp fyrir honum. Hann greindi svo frá því að hafa farið aftur í miðborgina eftir þau afskipti. Við skýrslutökuna bar ákærði í fyrstu um að hafa síðar farið heim til sín að Ö án þess að dregið hefði til frekari tíðinda um nóttina. Það var fyrst í kjölfar þess að ákærða var gerð grein fyrir sakarefni málsins og bent á að lögregla hefði mögulega lífsýni og fingraför undir höndum af vettvangi að Æ og að til stæði að farið yrði í húsleit heima hjá ákærða sem hann söðlaði um, kannaðist við að hafa hitt mann í miðborginni og farið heim með honum.
18. Framburður ákærða af því sem þar hefði gerst var næsta óljós. Hann bar um að hafa þegið áfengi á staðnum, mundi mjög óljóst hvað fram hefði farið en kvaðst hafa rankað við sér með getnaðarlim mannsins í munninum þar sem ákærði hefði legið í sófa í stofunni. Ráða mátti af framburði ákærða að honum hefði orðið mikið um en hann bar um að hafa staðið upp og í kjölfarið, þar sem þeir hefðu verið inni í eldhúsi, hefði hann gripið það sem hendi var næst og slegið frá sér með því og staðfesti að hafa lent í átökum við brotþola í eldhúsinu. Hann staðhæfði að hann hefði ekki ætlað að meiða manninn heldur komast út úr aðstaðunum. Hann hefði við svo búið hlaupið út og í burtu, stefnulaust í fyrstu en svo farið heim til sín. Hann greindi jafnframt frá því að hafa skorist á hendi svo töluvert blæddi úr. Ákærði bar um að er heim hefði verið komið hefði hann komist inn með því að hringja á dyrabjöllu þar sem hann hafi verið lykllaus og meðleigjandi hans þá opnað fyrir honum. Ákærði sagðist ekki hafa sagt honum frá því sem hefði komið fyrir og raunar engum öðrum, þar meðtalinni kærustu sinni, þar sem hann hefði skammast sín svo mikið. Aðspurður greindi hann frá því að hann hefði ekki veitt samþykki fyrir kynferðislegum samskiptum við manninn og að hann hefði ekki verið með meðvitund þegar þau hefðu hafist. Ákærði áskildi sér rétt til að koma kærú á framfæri gagnvart manninum af þessum sökum. Í lok skýrslutökkunnar heimilaði ákærði húsleit á heimili sínu.
19. Við húsleit sem framkvæmd var á heimili ákærða að Ö þann sama dag voru svartir Nike-skór haldlagðir, auk þess sem stroksýni voru tekin á bómullarpinna af blóðblettum í gólfteppi í svefnherbergi ákærða og af handriði í sameign hússins á 2. og 3. hæð.
20. Þennan sama dag tók lögregla skýrslu af kærustu ákærða á heimili hennar. Hjá henni kom fram að hún hefði fallist með semingi á að fara með ákærða á vínveitingastaði niður

í bæ að aflokinni vinnu [...]. júlí en hún hefði verið að vinna á veitingastað fyrr þetta kvöld. Ákærði hefði verið verulega ölvaður og nokkuð erfiður viðskiptis af þeim sökum, hefðu þau orðið viðskila um stund en henni hefði verið kunnugt um að hann væri á veitingastaðnum T. Hann hefði ekki svarað skilaboðum sem hún hefði sent honum og hún hefði því haldið þangað. Hún bar um að hafa verið viðstödd er ákærði lenti í ryskingum við nafnkunnan mann fyrir utan veitingastaðinn eftir að hún hafði reynt árangurslaust að ganga á milli. Hún hefði síðan horft á lögreglu setja ákærða inn í lögreglubíl og flytja hann á brott. Hún sjálf hefði verið í miðborginni fram að lokun og þá haldið heim til ákærða þar sem hún hefði verið með húslykla hans. Hún hafi verið heima er hann hafi komið nokkru seinna, á að giska um klukkan sex eða sjö um morguninn. Hann hafi verið drukkinn og með skurð á fingri, að því er hún hélt á hægri hendi en mundi það ekki fyrir vísit. Hann hafi verið blóðugur á höndunum og blóð hafi verið á skyrtunni sem hann hafi verið í sem vitnið taldi að stafaði af því að blóð ákærða hefði farið í hana. Aðspurð um hvort ákærði hefði verið á einhvern hátt öðruvísi en vanalega kvað hún ákærða stundum verða eins og í geðrofi þegar hann væri drukkinn og komst svo að orði að þetta hafi verið *ekkert hann X minn sem ég var að tala við*. Hún hafi svo síðar farið að spyrja ákærða út í hvar hann hefði verið og hvað hann hefði verið að gera en fátt hefði orðið um svör þótt hann hefði verið að reyna að rifja þetta upp, þar á meðal með hennar hjálp. Hann hefði þó nefnt að hafa farið í eitthvert eftirpartí en þó ekki munað hvar það hefði verið.

21. Ákærði kærði meint kynferðisbrot gegn sér 8. ágúst 2022 og gaf af því tilefni skýrslu við rannsókn þess máls 31. ágúst 2022. Sú skýrsla liggur fyrir í málinu og þar ber ákærði á mjög svipaðan hátt um málsatvik og í máli þessu. Nákvæmar er þó farið í frásögn af ætluðu kynferðisbroti, auk þess sem ákærði lýsti því að hann hefði verið hræddur um að brotþoli hefði í hyggju að brjóta frekar á honum sem hefði leitt til þess að hann hefði tekið upp hníf.
22. Fyrir liggur bréf ríkissaksóknara, dagsett 5. febrúar 2024, í tilefni af því að lögreglan hafði fellt niður rannsókn á kynferðisbrotnu og sú niðurfelling verið kærð til embættisins. Í bréfi ríkissaksóknara var gerð grein fyrir umfjöllunarefni máls þess sem laut að kærðu ákærða á hendur brotþola. Í bréfinu var lýst atvikum af hálfu ákærða með svipuðum hætti og fram kom í skýrslu [...]júlí sama ár en þó nokkuð ítarlegar hvað varðar samskipti við brotþola í íbúð hans en ákærði neitaði því sérstaklega aðspurður að þeir hefðu verið að kyssast líkt og brotþoli hafði borið um í því máli sem hér er til umfjöllunar og tók fram að hann væri gagnkynhneigður. Kærasta brotþola gaf einnig skýrslu í tilefni af nefndri kærðu vegna kynferðisbrots og kvað ákærða ekki hafa greint sér frá hinu meinta broti fyrir en að nokkrum tíma liðnum en honum hefði greinilega liðið illa og hann hefði ekki sagt henni neitt fyrir en eftir handtöku. Honum hefði þótt mjög erfitt að tala um þetta og fyndi fyrir skömm að hafa lent í þessu. Í bréfi ríkissaksóknara kom einnig

fram frásögn af framburði bróður ákærða sem hefði greint frá því að ákærði hefði ekki sagt frá þessu fyrr en í ágúst 2022 en þá hefði hann sagt frá hágrátandi í símtali. Endursögn bróður ákærða á því hvað ákærði hefði sagt fól í sér sömu frásögn og hann hafði sagt í kæruskýrslu sinni. Fram kemur í bréfi ríkissaksóknara að brotapolí hefði verið yfirheyrður 16. september 2022 með réttarstöðu sakbornings. Framburður hans hefði verið á sömu lund og í öndverðu en nokkuð ítarlegri. Endurrit af þessum framburði liggur fyrir í dómi í þessu máli.

23. Í bréfi ríkissaksóknara kom síðan fram að lögregla hefði sent ákærða tilkynningu 10. október 2023 þar sem tilkynnt var um ákvörðun lögreglu um að hætta rannsókn málsins á grundvelli 4. mgr. 52. gr. laga 88/2008 um meðferð sakamála. Eftirfarandi var meðal annars tekið orðrétt upp: *Ljóst er í máli þessu að framburður kæranda og framburður kærða um atvik málsins eru í afar miklu ósamræmi, hvað hið meinta kynferðisbrot varðar. Er framburður þeirra beggja trúverðugur, en ekkert hefur komið fram við rannsókn málsins sem styður framburð annars þeirra fram yfir hins. Verður því að telja að um orð gegn orði sé að ræða varðandi hið meinta kynferðisbrot og frekari rannsókn málsins mun ekki vera til þess fallin að upplýsa nánar um málsatvik ...* Þessi niðurstaða lögreglustjóra var kærð til ríkissaksóknara 7. nóvember 2023.
24. Í umfjöllun ríkissaksóknara er fjallað um málefnið heildstætt með tilliti til beggja málanna, annars vegar þess sem laut að kærðu ákærða og hins vegar þess sem hér er til úrlausnar á grundvelli ákæru héraðssaksóknara. Ályktun ríkissaksóknara á þessum grunni er sú að þegar horft sé heildstætt til fyrirliggjandi gagna væri það sem fram kæmi á rannsóknarstigi málanna ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis kærða, gegn neitun hans fyrir meint kynferðisbrot gegn ákærða. Ríkissaksóknari taldi jafnframt ekki líkur á að frekari rannsókn málsins, meðal annars með öflun sálfræðivottorðs vegna meðferðar kæranda, væri til þess fallin að breyta sönnunarstöðu varðandi ætlað kynferðisbrot. Með vísan til þessa staðfesti ríkissaksóknari niðurstöðu lögreglustjóra.
25. Tæknideild lögreglu annaðist rannsókn á þeim munum sem haldlagðir voru við fyrrnefnda húsleit hjá ákærða og þeim sýnum sem þar voru tekin. Þar á meðal voru svartir og hvítir Nike Air skór en á hægri skónum sást rautt kám á hæl, ytri hlið, ofan á, framan á tanni, neðst á tungunni og framan til á innri hlið. Prófun á sýnum með sérstöku efni sem tekin voru á sex stöðum á skónum sýndu öll jákvæða svörun sem blóð. Eitt tilgreint sýni var prófað frekar með svonefndu Hema-staðfestingarprófi og sýndi það jákvæða svörun sem blóð. Sá blettur á skónum var varðveittur á pinna fyrir DNA-rannsókn. Niðurstaðan varðandi vinstri skóinn varð sú sama, sex sýni sýndu öll svörun sem blóð, auk þess sem Hema-staðfestingarpróf var nýtt vegna eins sýnis sem var varðveitt til hugsanlegrar DNA-rannsóknar.
26. Lögreglan sendi sýni til DNA-rannsóknar hjá Nationellt forensiskt centrum í Svíþjóð 5. október 2022. Þau sýni sem voru send voru í fyrsta lagi þrjú sýni tekin að Ö, í öðru lagi

tvö sýni af skóm ákærða og í þriðja lagi átta sýni sem tekin höfðu verið af hnífum á vettvangi að Æ. Í rannsóknarbeiðni var þess óskað að sýnin yrðu tekin til rannsóknar með tilliti til þess hvort í þeim væri að finna lífsýni og þá hvort bera mætti DNA-snið slíkra sýna saman við DNA-snið ákærða eða brotaþola.

27. Svör bárust 16. nóvember 2022. Greint var frá því að fyrsttöldu sýnin frá Ö væru öll úr ákærða. Blóð á hægri skónum sem rannsakaður hefði verið væri einnig úr ákærða en blóðið á vinstri skónum væri úr brotaþola. Hvað varðar sýnin sem tekin höfðu verið á vettvangi að Ævar greint frá því að á hníf sem hefði fundist í stigagangi væri blóð úr brotaþola bæði á skeftinu og hnífsblaðinu. Blóð í sýni af skeftinu á hníf sem var utandyra væri á hinn bóginn blandað og væri bæði úr brotaþola og ákærða en í minna mæli úr þeim síðarnefnda. Blóð af hnífsblaðinu var metið að væri úr ákærða. Hnífur sem fannst á eldhúsgólfi var með blóðugu skefti og talið að það blóð væri bæði úr ákærða og brotaþola. Blóð sem var á hnífsblaðinu var eingöngu úr brotaþola. Blóð sem var á hníf sem fannst í eldhúsvaski var eingöngu úr brotaþola, bæði af skeftinu og hnífsblaðinu.
28. Fyrir liggur vottorð sálfræðings, dagsett 27. september 2023, er lýtur að líðan brotaþola og er gefið út af sálfræðingi sem brotaþoli leitaði til í júlí 2023. Þegar vottorðið var ritað hafði brotaþoli mætt þrisvar í viðtöl og átti bókað nýtt viðtal 8. nóvember 2023. Fram kemur í vottorðinu að árásin hafi haft mikil áhrif á brotaþola sem veigri sér við að ganga heim til sín á kvöldin sem hann hefði verið vanur að gera og eins væri hann að selja íbúð sína þar sem árásin hefði átt sér stað, en þar hefði hann búið í [...] ár. Í viðtölunum hefði hann borið sig vel og komið fyrir sem jákvæður og glaðlyndur maður. Fram kom að hann hefði tekist á við árásina með því að hafa mikið að gera og ferðast mikið í tengslum við vinnu. Hann eigi þéttan vinalóp sem hafi verið honum bjargráð eftir árásina. Hann hefði fyllt út sjálfsmatslista sem væri ætlað að fela í sér mat á því hvort viðkomandi byggji við áfallastreituröskun og var þess getið að vinnureglan væri sú að viðmiðunarmörk áfallastreituröskunar væru 33 stig eða hærra en hæsta mögulega einkunn væri 80. Brotaþoli hefði fengið níu stig í heildarniðurstöðu en hefði uppfyllt fjölda atriða á einum undirflokknum sem væri ofurvarkárni. Hann væri því ekki að sýna einkenni áfallastreitu samkvæmt þessum lista en sá fyrirvari var settur að um skimunarlista væri að ræða en ekki niðurstöðu ítarlegrar greiningar. Ályktað var að lokum að þótt lítil merki um áfallastreitu hefðu mælst samkvæmt skimunarlistanum væri mikilvægt fyrir brotaþola að halda áfram í sálfræðiviðtölum til að takast á við ofurvarkárnina sem væri til staðar.
29. Þá liggur fyrir vottorð sálfræðings, dagsett 29. febrúar 2024, vegna ákærða. Fram kom að ákærða hafði verið vísað í sálfræðilegt mat og áfallahjálp hjá áfallateymi Landspítala af Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu 17. október 2023. Hann hafi greint frá meintu kynferðisbroti í skýrslutöku hjá lögreglu vegna rannsóknar þessa máls þar sem hann njóti stöðu sakbornings og sé ákærður fyrir tilraun til manndraps gagnvart meintum geranda meints kynferðisbrots, eins og tilefnið er skilgreint í vottorðinu. Sálfræðingurinn hefði

rætt við ákærða símleiðis 18. október 2023 og hitt hann síðan í tvígang, 31. október og 17. nóvember sama ár. Í viðtölunum hafi afleiðingar meints kynferðisbrots verið metnar og fylgst með andlegu ástandi hans, þar með töldum einkennum áfallastreituröskunar eftir meint kynferðisbrot og samslátt við aðrar geðraskanir. Ákærða hefði verið veitt áfallahjálp og sálrænn stuðningur. Hann hafði greint frá sveiflukenndri líðan frá því að meint kynferðisbrot hefði átt sér stað, rúmlega ári áður. Fyrstu mánuðina hafi honum liðið mjög illa og viljað loka á þetta sökum þess að hann hafi skammast sín fyrir að hafa orðið fyrir meintu broti. Hann hafi greint frá miklum svefntruflunum þessa mánuði en með tímanum hafi líðan hans lagast. Meint kynferðisbrot trúfli hann þó enn annað slagið, sérstaklega eftir að sakamálið hafi farið á fullt skrið hjá lögreglu og héraðssaksóknara. Hann hafi verið opinskár, virst trúverðugur og hafi verið samkvæmur sjálfum sér. Geðslag hans hafi verið hlutlaust og tilfinningaleg ásýnd í samræmi við umræðuefnið. Upplifun og viðbrögð hans hefðu endurspeglad þau viðmið sem meðal annarra séu lögð til grundvallar fyrsta viðmiði í greiningu áfallastreituröskunar samkvæmt alþjóðlegum greiningarkerfum. Áfallastreituröskun sé alvarleg streituröskun sem einkennist af ágengum endurupplifunum áfalls, að forðast hugsanir og aðstæður sem tengjast áfallinu, neikvæðum breytingum á hugsun og tilfinningum og ýktum einkennum ofurárvekni. Fram kom að í síðara viðtalinu, 17. nóvember 2023, hefði ákærði greint frá því að honum fyndist meint kynferðisbrot hafa truflað sig mjög lítið undanfarið. Hann fengi óvelkomnar minningar um atburðinn einstöku sinnum en að það væri ekki hamlandi og truflaði ekki daglegar athafnir. Honum fyndist meint kynferðisbrot ekki lengur hamlandi í lífi sínu. Hann greindi frá hjálplegum bjargráðum til að takast á við afleiðingar meints kynferðisbrots og í samráði við hann var ekki talin þörf á frekari viðtölum þar sem hann væri á batavegi. Notaðir hefðu verið staðlaðir sjálfsmatskvarðar til þess að meta einkenni áfallastreituröskunar, depurðar, kvíða og streitu í báðum viðtölunum, 31. október og 17. nóvember. Í fyrra skiptið hefði heildareinkunn numið 34 stigum. Hann hafi uppfyllt þrjú endurupplifunareinkenni, en eitt af fimm einkennum þurfi að vera til staðar, og tvö forðunareinkenni en nauðsyn sé að annað af tveimur skilyrðum sé til staðar, fjögur einkenni tengd hugsun og líðan en nauðsynlegt sé að hafa tvö einkenni af sjö. Þá hafi hann meðal annars hlotið þrjú stig vegna ofurárvekni. Þannig hefðu verið vísbendingar til staðar um að greiningarviðmið væru uppfyllt. Í síðara viðtalinu, 17. nóvember 2023, hefði heildareinkunn ákærða numið 18 stigum og einkunnagjöf hans að mestu verið mun betri. Ályktað var að vísbending væri um að greiningarviðmið áfallastreituröskunar væru ekki uppfyllt. Ákærði fyllti einnig út aðra tegund sjálfsmatskvarða þar sem vísbendingar voru um alvarlegt þunglyndi en aðrir mælikvarðar hefðu verið innan eðlilegra marka. Í síðara viðtalinu kom jafnframt fram að ákærða hafi ekki fundist áfallið hamlandi í lífi sínu og var því á batavegi. Í samráði við ákærða var tekin ákvörðun um að ekki væri þörf á frekari viðtölum.

30. Í upphafi aðalmeðferðar var lögð fram leiðrétt bótakrafa af hálfu einkaréttarbótakrefjanda sem fól í sér lækkun framsettrar kröfu. Tekið hefur verið tillit til þessarar breytingar í framsetningu bótakröfunnar í efnisgrein 2 að framan.

#### *Skýrslur fyrir dómi*

31. Fyrir dómi bar ákærði um að hafa lent í átökum niðri í bæ þar sem hann hefði verið laminn af þekktum glæpamanni þannig að séð hefði á honum. Hann hefði verið með smásár í andliti, auk þess sem hann hefði fengið glóðarauga sem komið hefði fram næsta dag. Eftir að hafa verið fluttur af lögreglu upp á Snorrabraut hefði hann haldið heim en þegar þangað hefði verið komið hefði hann áttað sig á að hann væri lykllaus og ekki með síma sinn og þar sem hann hefði ekki viljað vekja meðleigjanda sinn hefði hann haldið niður í bæ aftur. [...]. Hann hefði gengið stuttan spöl eftir þeirri götu þar til hann hefði mætt brotþola sem hefði gefið sig á tal við hann og innt hann eftir því hvað hefði komið fyrir hann. Hann hefði greint honum frá þeim vandræðum sínum að vera lykllaus og símalaus. Brotþoli hefði leyft honum að hringja úr sínum síma en þegar til átti að taka hefði hann vegna ölvunar ekki munað símanúmerið hjá kærustu sinni. Því hefði hann fallist á að fara með brotþola heim til hans til að reyna að hringja síðar. Þegar þangað hefði verið komið hefði brotþoli blandað gini í glös og boðið ákærða og þeir sest saman í stofusófa en eftir að hann hefði verið búinn að drekka nokkuð af glasinu hefði hann dottið út. Fyrir dómi gat hann þess að honum þætti skrytið hvernig hann hefði dottið út og teldi að hann hefði orðið fyrir byrlun, að eitthvað hefði verið sett í glasið hans. Þegar hann hefði rumskað hefði hann legið út af í sófanum og brotþoli staðið yfir honum og viðhaft samfarahreyfingar og ákærði verið með getnaðarlim brotþola í munninum. Að auki hefði hann orðið var við að búíð hefði verið að losa um belti buxna hans, renna niður rennilási og hneppa frá en ákærði bar um að hafa ekki gert sér grein fyrir því hvort átt hefði verið við kynfæri hans. Hann hefði ýtt brotþola frá sér, staðið upp og farið inn í eldhús þangað sem brotþoli hefði elt hann og gripið í hann. Ákærði hefði verið dauðhræddur um að hann hefði ætlað að halda áfram og því hefði hann greitt brotþola hnefahögg í andlitið en er brotþoli hefði komið að honum aftur hefði hann gripið það sem hendi var næst sem var hnífur og slæmt hendi að brotþola án þess að hafa ásetning til að stinga hann eða drepa. Hann hefði bara viljað komast út.
32. Aðspurður bar ákærði um að brotþoli hefði ekki haldið á neinu, hvorki hníf né öðru. Ákærði greindi frá því að hann hefði skorist á litla fingri hægri handar er hann hefði verið að handleika hnífana svo verulega hefði blætt. Ákærði kannaðist ekkert við að þeir hefðu áður verið að kyssast og viðhafa einhver atlot líkt og brotþoli hefði greint frá hjá lögreglu. Við svo búíð hefði hann drifið sig út og haldið heim á ný og hringt dyrabjöllu þar til meðleigjandi hans opnaði fyrir honum. Sá hefði verið mjög ósáttur við ákærða svo hann hefði ásamt kærustu sinni haldið til heima hjá foreldrum hennar næstu daga og þar

hefði hann verið handtekinn [...]. júlí 2022. Honum hafi liðið mjög illa yfir því sem gerst hafði, reynt að bæla minninguna um þetta og ekki sagt nokkrum manni frá þessu fyrr en hann hefði brotnað niður og sagt verjandanum frá þessu í hléi sem gert var á yfirheyrslu sem fram fór eftir handtöku. Verjandinn hefði í kjölfarið gert honum grein fyrir möguleikum hans með tilliti til réttarstöðu hans og hann þá ákveðið að greina frá málsatvikum í samræmi við framangreint. Hann hefði síðan sagt kærustu sinni frá þessu eftir að honum hafði verið sleppt eftir yfirheyrsluna. Hann hefði svo kært brotþola nokkrum vikum síðar.

33. Brotþoli gerði grein fyrir því að þessi tiltekni dagur, [...] júlí 2022, hefði verið búinn að vera mjög erfiður vegna persónulegs áfalls sem hann hefði orðið fyrir þann dag, þetta hefði verið búinn að vera sjúklega erfiður dagur, eins og brotþoli komst að orði. Hann hefði komið erlendis frá þá um morguninn og farið í veislu um kvöldið sem boðað hafði verið til að löngu gerðu ráði sem haldinn hefði verið í skugga nefnds áfalls. Á leið sinni heim hefði hann komið við á R bar á Laugaveginum og fengið sér einn bjór en að því loknu hefði hann haldið á skyndibitastað sem sé andspænis barnum við Laugaveg. Þar hefði hann keypt sér samloku og taldi sig muna að hafa snætt hana utandyra við skyndibitastaðinn. Er brotþoli hefði haldið áfram heim á leið hefði hann hitt ákærða sem hefði borið með sér að hafa lent í átökum. Hann hefði verið með smásár í andliti og hefði verið í vandræðum, lyklalaus og án síma. Úr hefði orðið að hann bauð ákærða að koma með heim til hans á meðan ákærði væri að reyna að finna út úr því að komast heim.
34. Brotþoli greindi frá því að þeir hefðu hist þarna á Laugaveginum fyrir kl. 5:30 á að giska og verið komnir að Æ nokkru síðar. Þar hefðu þeir dvalið í tæpa klukkustund áður en lögregluna bar að garði. Brotþoli lagði áherslu á að í hans huga hefði alls ekki verið eitthvert partí í uppsiglingu. Hann hefði verið algerlega búinn á því eftir erfiðan dag. Þegar heim til hans hefði verið komið hefði hann boðið ákærða upp á bjór og síðan ítrekað verið að ýta á hann að fara að hringja en svo hafi virst sem ákærði hefði ekki nokkurn áhuga á því. Þeir hefðu sest í sófann inni í stofu og hefðu bæði verið að spjalla um daginn og veginn en einnig að rekja raunir sínar hvor fyrir öðrum. Þeir hefðu þarna báðir verið svona aumir gaurar yfir því hvernig dagurinn hefði gengið fyrir sig hjá hvorum um sig, eins og brotþoli orðaði það. Einhverjir straumar hefðu myndast þeirra á milli við þessar aðstæður og eitthvert kossaf lens, bæði þarna í sófanum og síðan inni í svefnherbergi, eftir því sem fram kom er brotþoli var nánar inntur eftir atvikum. Það hefði svo bara verið búið þar sem enginn áhugi hafi verið hjá hvorugum þeirra. Brotþoli bar um að hann hefði farið að tygja sig í háttinn og hefði dvalist við að ganga frá jakkafötum sínum inni í svefnherberginu, leggja þau í brotin og koma þeim fyrir á herðatré. Þegar hann hefði komið fram hefði ákærði verið í eldhúsinu, búinn að opna ísskápinn, finna til ginflösku og búinn að hella gini í tvö lítil glös og hefði krafist brotþola um að fá sér að dekkja með sér. Brotþoli sagðist hafa lagt að ákærða að nú

yrði hann að fara og borið því við að hann sjálfur þyrfti að mæta til vinnu eftir þrjá klukkutíma. Þeim orðum hefði ákærði brugðist ókvæða við og spurt höstugum rómi hvort brotaþoli væri að reka sig út. Ákærði hefði svo fylgt þessum orðum eftir með því að kýla brotaþola föstu höggi í andlitið þannig að hann hefði rispast á nefi vegna gleraugna sinna og fengið miklar blóðnasir, auk þess sem brotnað hefði upp úr framtönnum hans. Brotaþoli bar um að hafa brugðist við að nokkurri stundu liðinni með því að reyna að lempa ákærða út en þá hefði ákærði gripið hníf úr hnífastandi á eldhúsbordinu og stungið í áttina að brotaþola. Brotaþoli hefði náð að bera hönd fyrir sig og náð taki á hnífnum en skorist illa á hendinni milli þumalfingurs og vísifingurs en hann hefði svo kastað hnífnum í vaskinn. Ákærði hefði þá gripið næsta hníf og reynt að stinga hann en þegar það hafi ekki tekist hafi hann tekið þriðja hnífinn úr hnífastandinum og stungið hann í tvígang í brjóstið þannig að fossblæddi úr. Brotaþoli bar um að hann hefði verið kominn með símann sinn í höndina og með því að benda ákærða á hvað hann væri búinn að gera með rólegri og róandi röddu, eins og hann væri að tala við barn, hefði hann náð að komast gangandi rólega út úr íbúðinni. Er fram á stigapallinn hafi verið komið hafi hann náð að hringja í lögregluna. Ákærði hefði komið út og gengið austur [...]. Lögreglan hefði komið örstuttu síðar. Sérstaklega aðspurður þvertók brotaþoli fyrir að kossaf lens og þess háttar hefði verið í tengslum við hnífstungur ákærða. Brotaþoli aftók með öllu að hann hefði á nokkurn hátt brotið gegn ákærða og vísaði kæruefni hans alfarið á bug sem röngu. Þvert á móti hefði verið eins og ákærði hefði misst stjórn á skapsmunum sínum og verið eins og hann væri í geðrofi eða ámóta og brotaþoli hefði verið orðinn mjög hræddur við hann í þessum ham. Það hefði verið eins og einhver dólgur hefði brotist fram.

35. B, þáverandi unnusta ákærða, bar fyrir dómi um málsatvik á svipaðan hátt og hún hafði gert við skýrslutöku við rannsókn málsins hjá lögreglu, bæði vegna þessa máls sem og í framburði sem hún hafði látið í té vegna rannsóknar vegna kæru ákærða á hendur brotaþola. Hún bar um að hafa séð þegar lögreglan flutti ákærða úr miðbænum. Sjálf kvaðst hún hafa dvalið fram til lokunar vínveitingahúsa og þá haldið heim til ákærða að Ö en hún hefði verið með lykla ákærða. Hún bar um að hafa vaknað við það þegar hann hefði komið og séð að eitthvað hefði komið fyrir þar sem ákærði hefði verið blóðugur og með skurð á fingri en vitnið bar um að hún hefði talið að blóðið hefði einvörðungu verið úr honum. Hann hefði verið mjög erfiður og í stuði til að vera með vesen, eins og hún komst að orði. Hún hefði því yfirgefið húsnæðið og fengið inni hjá vini sínum sem búi þar nærri. Vitnið bar um að ákærði hefði verið ólíkur sjálfum sér næstu daga en hann hefði ekki sagt henni hvað hefði á daga hans drifið fyrir en eftir að hann kom úr skýrslutöku hjá lögreglu. Þá hefði hann greint frá málavöxtum eins og þeir horfðu við honum, þar á meðal um að hafa orðið fyrir kynferðisbroti.
36. Bróðir ákærða gaf einnig skýrslu fyrir dómi og greindi frá því að ákærði hefði fyrst sagt honum frá atvikum nokkuð löngu eftir að þau áttu sér stað. Þá hefði ákærði greint honum

- hágrátandi símleiðis frá málsatvikum, eins og ákærði hafði borið við lögreglu og við unnustu sína um að hafa orðið fyrir kynferðisbroti og stungið mann í kjölfar þess.
37. Lögreglumenn sem komu á vettvang, bæði til að svara útkalli og til að annast um vettvangsrannsókn, komu fyrir dóm, staðfestu skýrslur sínar og vísuðu um málsatvik til þeirra skýrslna. Lögreglumaður nr. C sem skráði niður frásögn brotaþola af málsatvikum á vettvangi bar um að hún hefði verið uppteknari af því að huga að líðan brotaþola í ljósi mikillar blæðingar en að taka niður framburð hans. Að auki hefði frásögn hans verið mjög ruglingsleg og erfitt að fá fram staðreyndir, eins og til dæmis hvar í líkama brotaþoli hefði verið stunginn.
  38. Lögreglumaður nr. D sem annaðist rannsókn málsins gerði grein fyrir því á hvern hátt aflað hefði verið upplýsinga um það hver gerandinn hefði verið en mjög lítið hefði verið til að byggja á í öndverðu þar sem brotaþoli hefði einungis getað gefið takmarkaðar upplýsingar. Sérstaklega aðspurður greindi hann frá því að hann hefði metið það svo að ekki væri tilefni til að setja dreggjár í glösum í efnagreiningu með tilliti til byrlunar með vísan til málsatvika. Frásögn ákærða um að hafa misst meðvitund vegna byrlunar væri ekki í samræmi við að hann hefði skömmu síðar stungið brotaþola og hlaupið svo á brott þar sem þolendur byrlunar almennt lýstu vöðvalömun og að geta sig nánast ekki hrært í kjölfar slíkrar. Af þessum sökum hefði hann ekki talið tilefni til rannsóknar á slíkum sýnum.
  39. E sérfræðingur í bráðalækningum, staðfesti fyrirbyggjandi vottorð sitt. Hún lýsti því nánar að hún hefði metið það svo að brotaþoli hefði hlotið lífshættulegan áverka. Þegar hún hefði hitt hann kl. 7:05 um morguninn hefði hann verið gráfölnur og hjartsláttur verið orðinn ör sem benti til mikils blóðmissis. Læknirinn mat það svo að brotaþoli hefði verið búinn að missa um 20% af blóði sínu er hann kom á sjúkrahúsið. Brugðist hefði verið við og yfirborðsblæðing stöðvuð og brotaþoli síðan settur í myndatöku þar sem skuggaefni var dælt inn í æðina sem í hlut átti. Þá hefði komið í ljós að enn blæddi úr æðinni og því hefði æðaskurðlæknir verið kallaður til og fenginn til að gera aðgerð til að stöðva blæðinguna. Hún áréttaði að af þessum ástæðum hefði brotaþoli ekki getað stöðvað blæðinguna á eigin spýtur, nefnd aðgerð hefði þannig verið lífsnauðsynleg því ella hefðu verið töluverðar líkur á að honum hefði getað blætt út.
  40. F, [...] hjá Rannsóknastofu HÍ í lyfja- og eiturefnafræði, staðfesti fyrirbyggjandi vottorð sitt um áfengismagn í blóði brotaþola sem fyrir liggur í málinu. G sálfræðingur staðfesti vottorð sitt sem hún gaf út í tilefni þess að ákærða hafði verið vísað í sálfræðilegt mat og áfallahjálþ hjá áfallateymi Landspítala af lögreglunni og það sama gerði H sálfræðingur sem brotaþoli hafði leitað til vegna afleiðinga árásar ákærða.

*Niðurstaða*

41. Fyrir liggur upplýst í máli þessu að ákærði greiddi brotþola þungt högg í andlitið og stakk hann tvisvar efst í brjóstkassann vinstra megin með þeim afleiðingum að brotþoli skaddaðist í andliti af hnefahögginu og lenti í bráðri lífshættu vegna hnífstungnanna þar sem önnur þeirra rauf slagæð þannig að blóð fossaði úr brotþola. Ákærði er ákærður fyrir tilraun til manndraps fyrir hnífstungurnar.
42. Þá liggur fyrir vottorð bráðlæknis sem tók á móti brotþola á slysadeild Landspítala sem staðfest var fyrir dómi. Læknirinn bar að auki um að langlíklegast hefði verið að ekki hefði tekist að stöðva slagæðarblæðinguna nema sökum þess að brotþoli komst undir læknishendur og unnt var að gera aðgerð á honum til að stöðva blæðinguna. Engum blöðum er um lífsháska brotþola að fletta í þessu ljósi og verður ekki séð að nokkru hefði breytt þótt réttarmeinafræðileg rannsókn hefði farið fram á áverkum brotþola líkt og byggt var á af hálfu ákærða. Loks er til þess að líta að það hefur að auki ekki verið talið skilyrði fyrir sakfellingu fyrir hnífstungu í brjósthol að fyrir lægi að viðkomandi áverki myndi sem slíkur vera lífshættulegur, sbr. til dæmis dóm Hæstaréttar í máli nr. 197/2013 frá 30. maí 2013.
43. Ákærði hefur borið því við að hann hafi ekki haft ásetning til að bana brotþola eða yfir höfuð stinga hann með hníf, hann hafi einvörðungu verið að freista þess að komast úr aðstæðum sem honum hafi staðið ógn af. Á þessa málsvörn ákærða verður ekki fallist. Fyrir liggur að ákærði hefur játað að hafa tekið hníf úr hnífastandi og slegið til brotþola með hnífinn í hendi þar sem þeir voru staddir í eldhúsi íbúðar brotþola. Ákærða mátti vera það fullljóst að það væri stórhættulegt að slá til brotþola með flugbeittan hníf í hendi og að af slíku athæfi væri langlíklegast að stórfellt líkamstjón hlytist af ef ekki bani. Verður ekki annað ráðið af málsatvikum og framburði ákærða en að hann hafi látið sér í léttu rúmi liggja hvaða afleiðingar háttsemi hans hafði fyrir brotþola þar sem hann stakk hann tvisvar í brjóstkassann og handlék í það minnsta þrjá hnífa í atlögu sinni þar sem erfðaeftni ákærða úr blóði hans fannst á þremur hnífanna og þá bæði á blaði hnífanna og skeftum þeirra, enda hafði hann skorið sig til blóðs í atlögu sinni að brotþola. Ekkert liggur fyrir um að ákærði hafi gefið líðan brotþola nokkurn gaum eftir þessar hnífstungur heldur flúði hann af vettvangi.
44. Því hefur verið slegið föstu af dómstólum að hnífstungur í brjósthol manns verði að telja svo hættulegar að langlíklegast sé að þær valdi dauða þess sem fyrir verður. Gat ákærða ekki dulist þetta og skiptir jafnvel ekki máli þótt ekki sé víst að brotþoli hefði dáið af stungunni sem þó verður að telja mjög líklegt eins og hér stóð á ef hann hefði ekki komist skjótt undir læknishendur. Verður því að líta á atlögu ákærða sem tilraun til manndraps og því þannig slegið föstu að hann hafi með henni gerst brotlegur við 211. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr., almennra hegningarlaga.
45. Með vísan til þess hvernig ákærði stóð að atlögu sinni að brotþola verður ekki talið að forsendur séu til að horfa til lækkunarheimildar 2. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga,

auk þess sem 3. mgr. sömu greinar getur ekki átt við þar sem atлага ákærða fól í sér bráða lífshættu fyrir brotþola sem afstýra þurfti með aðgerð á sjúkrahúsi.

46. Ákærði hefur byggt á því að atлага hans gagnvart brotþola sé honum refsilaus á grundvelli neyðarvarnar samkvæmt 12. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt því ákvæði er það verk refsilaust, sem unnið er af neyðarvörn með þeim áskilnaði að auki að verkið verði að hafa verið nauðsynlegt til þess að verjast eða afstýra ólögmati árás, byrjaðri eða yfirvofandi að því tilskildu að ekki hafi verið beitt vörnum, sem séu auglýsingalega hættulegri en árásin og tjón það, sem af henni mátti vænta, gaf ástæðu til.
47. Í málinu liggur fyrir upplýst, meðal annars með framburði ákærða sjálfs, að brotþoli veittist ekki að ákærða með vopnum eða annars konar atlögu þar sem þeir stóðu inni í eldhúsi greint sinn. Þvert á móti hefur ákærði jatað að hafa beitt brotþola ofbeldi með því að greiða honum fyrst þungt hnefahögg í andlit og stinga hann tvisvar með hníf í brjóstakassa. Þá liggur ekkert fyrir um að brotþoli hafi á nokkurn hátt reynt að hindra ákærða í að yfirgefa íbúðina en hvað varðar þá vörn að brotþoli hafi áður verið búinn að brjóta á honum, sem vikið verður að hér síðar, liggur fyrir að engu slíku var til að dreifa á þeirri stundu þegar ákærði laust brotþola hnefahöggi og stakk hann. Engin nauðsyn var þannig á slíkum verkum og verður ákærði því ekki sýknaður af broti gegn 211. gr., sbr. 20. gr., hegningarlaga á grundvelli neyðarvarnar.
48. Ákærði hefur einnig byggt á því að honum beri ekki að refsa með vísan til 2. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga þar sem hann hafi farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar af þeim ástæðum að hann hefur orðið svo skelfdur eða forviða að hann hafi ekki getað gætt sín fullkomlega. Eins byggir hann á til vara að refsingu beri að færa niður úr lágmarki á grundvelli 4. töluliðar 1. mgr. 74. gr. laganna.
49. Málsvörn sína í þessu tilliti byggir ákærði á að hann hafi misst rænu í sófa í stofu ákærða eftir að hafa drukkið áfengi sem brotþoli hafi veitt honum en hann hafi svo rankað við sér og brotþoli þá að verið að viðhafa samfarahreyfingar með getnaðarlim sinn í munn ákærða. Við það hafi honum brugðið mjög, ýtt brotþola frá sér og reynt óttasleginn að komast út úr íbúðinni en þegar brotþoli hafi nálgast hann hefði hann í felmtri beitt brotþola því ofbeldi sem að framan er lýst. Brotþoli hefur eindregið og staðfastlega vísað þessum framburði ákærða á bug. Stendur þannig orð gegn orði hvað þessar ásakanir ákærða varðar sem leiddi til þess að rannsókn vegna kæru ákærða á hendur brotþola var felld niður. Þá niðurstöðu staðfesti ríkissaksóknari með ítarlegum rökstuðningi. Að mati dómsins verður síðan ekki fallist á þá röksemd ákærða að frásögn hans sé með slíkum ólíkindum um það hvernig staðið hafi verið að meintu kynferðisbroti að sú málsatvikalýsing auki svo trúverðugleika frásagnarinnar að hana beri að leggja til grundvallar. Verður enda ekki séð að það sé rökrétt ályktun um sönnunargildi frásagnar sem hefur yfir sér fyrir margar sakir verulegan ólíkindablæ.

50. Í því ljósi að ásakanir ákærða á hendur brotaþola eru ósannaðar að mati ákærvaldsins verða þær ekki lagðar til grundvallar sem málsatvik í þessu máli til að réttlæta árás ákærða á hendur brotaþola þannig að leiði til refsileysis. Í því samhengi verður einnig að horfa til þess að ekkert styður þessar staðhæfingar sem ákærði hafði að auki fyrst uppi í miðri yfirheyrslu eftir að rannsóknarlögreglumaður hafði gert honum grein fyrir því að lögregla hefði til rannsóknar fingraför og erfðaeftni af vettvangi árásarinnar. Þegar nánara mat er síðan lagt á trúverðugleika frásagna ákærða og brotaþola af samskiptum þeirra og framgöngu verður ekki hjá því komist að horfa til þess að frásögn ákærða ber þess glögg merki að hann man málsatvik traúðla vegna mikilla áfengisáhrifa. Hann minntist þess til dæmis ekki að hafa verið færður í lögreglubíl og ekið upp á Snorrabraut fyrir en rannsóknarlögreglumaður gerði honum grein fyrir því. Í annan stað hélt hann því fram að hann hefði haldið þaðan að heimili sínu að Æ en fyrir liggur að lögreglumennirnir óku framhjá honum þar sem hann gekk niður Laugavegin og stefndi niður í miðbæ aftur. Þá bar hann um að meðleigjandi sinn hefði hleypt sér inn er hann kom að heimili sínu eftir árásina á brotaþola þegar það var í raun kærasta hans sem það gerði. Þótt frásögn brotaþola hafi á köflum verið ruglingsleg vegna frásagnarmáta brotaþola, bæði við rannsókn málsins hjá lögreglu og fyrir dómi, bar þar lítt á mótsögnum en brotaþoli bar einnig um það að hafa verið undir verulegum áhrifum áfengis. Að mati dómsins eru ekki forsendur til að draga ályktanir um trúverðugleika brotaþola af þeim orðum sem höfð eru eftir honum á vettvangi strax eftir árásina. Fram kemur í skýrslunni að hann hafi verið í miklu uppnámi og fyrir liggur að hann var ölvaður og með lífshættulega áverka. Frásögn brotaþola af málsatvikum er að öðru leyti mun heilsteyptari en ákærða og þar getið ýmissa smáatriða sem ekki er raunin um framburð ákærða.
51. Með hliðsjón af framangreindu verður því hafnað að framganga brotaþola gagnvart ákærða réttlæti það að refsing ákærða verði felld niður.
52. Brotaþoli hefur verið hreinskilinn með þann framburð að um stund hafi samskipti þeirra leiðst út í kynferðisleg atlot og kossa og rakið hvernig það hafi gengið fyrir sig. Ekki eru forsendur til að rengja þá frásögn. Þótt brotaþoli hafi verið afdráttarlaus í sínum framburði um að ekkert samhengi hafi verið milli þessara atlota og árásar ákærða verður alls ekki útilokað að atlot þessi hafi valdið því að ákærði hafi misst stjórn á skapi sínu. Á hinn bóginn eru ekki forsendur til að færa refsingu hans niður úr lágmarki 211. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 20. gr. sömu laga af þessum sökum. Bæði er til þess að líta að ákærði sjálfur hefur þvertekið fyrir að slík atlot hafi átt sér stað en jafnvel þótt hann hefði kannast við þau verður ekki á það fallist að atlot af því tagi sem brotaþoli lýsti réttlæti líkamsárás, hvað þá heldur svo alvarlega atlögu eins og hér um ræðir, enda ekkert sem bendir til að brotaþoli hafi þvingað ákærða til slíkra atlota. Slík viðbrögð verða ekki heldur réttlætt með því að ákærði sé almennt andsnúinn því að eiga samneyti á samkynhneigðum forsendum og hafi talið sig vera kominn í aðstæður sem honum hafi

mislíkað við. Slíkt réttlætir ekki manndrápstilraun og alveg sérstaklega ekki þegar ósannað er að ákærði hafi sætt byrlun eða kynferðisbroti.

*Refsing, skaðabætur og sakarkostnaður*

53. Sakaferill ákærða, sem fæddur er [...], hefur ekki þýðingu fyrir mál þetta. Rakið hefur verið að ekki séu forsendur til að færa refsingu ákærða niður úr lágmarksrefsingu samkvæmt 211. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga. Engin sá dráttur hefur orðið á málsmeðferðinni sem réttlætir að hvikað verði frá lágmarkinu enda aðalmeðferð ákveðin um leið og niðurstaða ríkissaksóknara lá fyrir um að staðfesta bæri niðurfellingu kærðu ákærða á hendur brotaþola. Með hliðsjón af dómaframkvæmd þykir refsing ákærða vera hæfilega ákveðin fangelsi í fimm ár.
54. Brotaþoli hefur uppi kröfu um miska- og skaðabætur á hendur ákærða að fjárhæð 2.294.089 krónur auk nánar tilgreindra vaxta og dráttarvaxta. Með hinni refsiverðu háttsemi hefur ákærði með ólögætum og saknæmum hætti valdið brotaþola skaðabótaskyldu tjóni og bakað sér skaðabótaábyrgð. Eru því ekki efni til að fallast á aðalkröfu ákærða um að bótakröfu brotaþola verði vísað frá dómi.
55. Brotaþoli hefur lagt fram reikninga vegna útlagðs kostnaðar vegna sjúkragagna svo sem plástra sem hann þurfti að kaupa fyrst eftir árásina 7.596 krónur. Þá þurfti hann að greiða kostnað við sjúkraflutning að fjárhæð 7.553 krónur og loks féll til kostnaðar vegna meðferðar hjá sálfræðingi að fjárhæð 66.000 krónur. Reikningar vegna þessa kostnaðar liggja fyrir og verður fallist á greiðsluskyldu ákærða vegna kostnaðarins sem samtals nemur 81.149 krónum, sbr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Nefndar fjárhæðir bera vexti samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu þannig að bætur vegna sjúkrakostnaðar og sjúkraflutningar bera skaðabótavexti frá [...]. júlí 2022 en bætur vegna meðferðar hjá sálfræðingi bera vexti frá þeim tíma sem tjónið fellur til sem átti sér stað samkvæmt fyrirbyggjandi yfirliti með þremur greiðslum hver að fjárhæð 22.000 krónur sem tjónþoli greiddi 3. júlí, 25. júlí og 21. september 2023. Þá verður ennfremur fallist á kröfu brotaþola um þjáningarbætur vegna dvalar á sjúkrahúsi í þrjá daga sem nema á grundvelli 3. gr. sbr. 15. gr. skaðabótalaga, samtals 14.430 krónum. Á hinn bóginn verður ákærði sýknaður af skaðabótakröfu vegna þjáningarbóta í þrjá mánuði en sú krafa er engum gögnum studd og því ekki forsendur til að dómurinn ákveði þjáningabætur að álitum. Brotaþoli á með vísan til málsatvika rétt á miskabótum úr hendi ákærða á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 auk málskostnaðar. Til þess ber að líta að ákærði hefur verið sakfelldur fyrir alvarlegt brot sem hafði brýna lífshættu í för með sér fyrir brotaþola í atlögu sem fram fór á heimili brotaþola. Hann á af þeim sökum rétt á miskabótum en ákvarða ber fjárhæð þeirra að álitum. Ljóst er að árásin var brotaþola mikið áfall og meðal annars með nokkurri hliðsjón af fyrirbyggjandi

vottorði sálfræðings þykir fjárhæð miskabóta sem ákærði verður dæmdur til að greiða brotþola hæfilega ákveðin 1.500.000 krónur.

56. Eins og nánar er sundurliðað í dómsorði bera framangreindar fjárhæðir, aðrar en þjáningabætur vexti samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá [...]. júlí 2022 að því undanskildu að bætur vegna sálfræðikostnaðar 66.000 krónur bera skaðabótavexti frá þeim tíma sem hver hluti tjónsins féll til. Þjáningabætur að fjárhæð 14.430 krónur bera 4,5% vexti samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga frá [...]. júlí 2022. Framangreindar fjárhæðir samtals að fjárhæð 1.595.579 krónur bera síðan dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá þingfestingardegi málsins 6. október 2023 til greiðsludags.
57. Með hliðsjón af framangreindum málsúrslitum og með vísan til 1. mgr. 235. gr., sbr. 233. gr., laga nr. 88/2008 ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar. Um tímagjald vegna málsvarnarlauna fer samkvæmt reglum dómstólasýslunnar nr. 1/2024 sem einnig verður horft til við mat á þóknun lögmanns brotþola sem einkaréttarkröfuhafa enda engin efni til að ákærði beri kostnað af herra tímagjaldi þótt lögmaður brotþola sé ekki bundinn af nefndu gjaldi og geti samið á annan veg við sinn skjólstæðing. Ákærði ber ekki skarðan hlut frá borði af þessum sökum enda ekki á hans ábyrgð að lögum samkvæmt eigi brotþoli ekki óskoraðan lögvarinn rétt á skipan réttargæslumanns. Til framangreinds kostnaðar teljast málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Sveins Andra Sveinssonar lögmanns að fjárhæð 2.837.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti sem ákveðin eru með hliðsjón af tímaskýrslu sem liggur fyrir sem endurspeglar að mestu umfang vinnu verjandans að því undanskildu að fyrirtökur undirbúningsþinghalda tóku ekki þrjár klukkustundir í hvert sinn, sbr. 1. gr. reglnanna. Einnig telst til sakarkostnaðar þóknun lögmanns einkaréttarkröfuhafa, Styrmis Gunnarssonar lögmanns, 1.300.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti vegna vinnu á rannsóknarstigi og fyrir dómi, sem ræðst að mestu af tímaskýrslu að undanskildum samskiptum við tryggingafélag og gagnaöflun í tengslum við slíkan erindisrekstur. Að auki verður einnig fallist á kröfu vegna útlagðs kostnaðar brotþola að fjárhæð 44.000 krónur vegna vottorðs sálfræðings. Loks verður ákærði dæmdur til greiðslu annars sakarkostnaðar svo sem vegna starfa Orra Heimissonar lögmanns sem var verjandi ákærða á rannsóknarstigi 188.325 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, rannsókna á sýnum og tengdan kostnað að fjárhæð 366.965 krónur og kostnað við þrif á vettvangi 96.422 krónur. Í samræmi við úrslit málsins verður ákærði dæmdur til greiðslu þessa sakarkostnaðar.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Sigurður Ólafsson aðstoðarsaksóknari.

Björn L. Bergsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Ákærði, X, sæti fangelsi í fimm ár.

Ákærði greiði samtals 4.832.712 krónur í sakarkostnað til ríkissjóðs þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Sveins Andra Sveinssonar lögmanns, 2.837.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og þóknun lögmanns einkaréttarkröfuhafa, Styrmis Gunnarssonar lögmanns, 1.300.000 krónur með virðisaukaskatti.

Ákærði greiði A 1.595.579 krónur, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af 1.515.149 krónum frá [...]. júlí 2022 til 3. júlí 2023, þá af 1.537.149 frá þeim degi til 25. júlí 2023, þá af 1.559.149 krónum frá þeim degi til 21. september 2023, þá af 1.581.149 krónum frá þeim degi til 6. október 2023. Ákærði greiði einnig 14.430 krónur er beri 4,5% vexti samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 frá [...]. júlí 2022 til 6. október 2023. Ákærði greiði 1.595.579 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga um vexti og verðtryggingu frá 6. október 2023 til greiðsludags.

Björn L. Bergsson